

Ráðstefna - Umönnunarstefna, börn og jafnrétti á Norðurlöndum

Radisson SAS Hótel Saga, 22. október 2009, Reykjavík

Áhersla Norðurlandanna á samspil umönnunarstefnu og jafnréttis hefur vakið alþjóðlegan áhuga. Þrátt fyrir að Norðurlöndin eigi margt sameiginlegt hefur þróun síðustu ára leitt í ljós að löndin hafa valið ólíkar leiðir til að styðja foreldra. Rannsóknir og kynning á þeim leiðum sem farnar hafa verið er mikilvæg stöð fyrir þau lönd sem líta til Norðurlanda sem mögulegra fyrirmynda.

Hinn 22. október verður haldin á Íslandi ráðstefna um umönnunarstefnu, börn og jafnrétti á Norðurlöndum.

Á ráðstefnunni verður kynnt samnorræn rannsókn sem hafin er á umönnunarstefnu, kynja-jafnrétti og líðan barna. Í rannsókninni er meðal annars leitað svara við því hvernig fæðingar-orlofsréttur er nýttur og hvaða áhrif það hefur á samband foreldra og barna og stöðu kynja á vinnumarkaði. Dr. Ingólfur V. Gíslason lektor og Dr. Guðný Björk Eydal dósent við Háskóla Íslands stýra rannsókninni. Aðrir þátttakendur í rannsókninni eru:

- Dr. Tine Rostgaard - Danish National Institute of Social Research
- Dr. Johanna Lammi-Taskula - National Institute for Health and Welfare, Finland
- Dr. Berit Brandth - Department of Sociology and Political Science, Norwegian University of Science and Technology
- Dr. Ann-Zofie Duvander - Swedish Social Insurance Agency

Aðalfyrirlesari er Dr. Janet Gornick, prófessor í stjórnmála- og félagsfræði við City University í New York og meðhöfundur bókarinnar *Gender Equality: Transforming Family Divisions of Labor*. Dr. Janet Gornick er yfirmaður Luxembourg Income Study.

Ráðstefnan er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, en Ísland gegnir formennsku í nefndinni þetta árið. Félags- og tryggingamálaráðuneytið og Jafnréttisstofa hafa umsjón með dagskrá jafnréttismála. Nánari upplýsingar veitir Jafnréttisstofa, með tölvupósti jafnretti@jafnretti.is og í síma 460 6200.

Ráðstefnan fer fram á ensku og dagskrá verður auglýst síðar.

Skráning er á heimasíðunni: <http://www.yourhost.is/parentalleave2009/registration.html>



Ingi Valur Jóhannsson
Formaður Jafnréttisnefndar
Norrænu ráðherranefndarinnar

Nánari upplýsingar: <http://formennska2009.jafnretti.is/fm2009/?D10cID=news&id=15>

